

RAFORKUMÁLASTJÓRI  
Vatnamælingar

Skilagrein 203

ATHUGASEMDIR OG HUGLEIÐINGAR  
I SAMBANDI VIÐ  
HARZA Advisory Report

28. apríl 1960  
S.Rist

Eg hef farið lauslega yfir alla skyrsluna og tel ástæðu til að safna saman a einn stað þeim atriðum, sem Harza vill, að vatnsmælingar leggi áherzlu a. E.t.v. mun skyrsla míin bera svolitinn keim af gagnryni, en í því sambandi er vert að athuga, að eg bendi a þau atriði, sem mér finnst miður fara, eða verði misskilin a einn eða annan hátt, en nefni ei hina mörgu þetti, sem veróskulda lofsamlegt umtal.

Á blaðsíðu I-22 er tekið fram, að vatnshsöarmalar séu, að því er virðist, nágilega margir að þjórsár- og Hvítárvæðinu, og staðsettir a öllum þýðingarmestu stöðum, en bent er jafnframt a, ef vatnsmælingar vilja fara út kviarnar, þá komi þessir staðir til greina: Sanda við Sandartungu, Tungufljót við Sandvatn og Stóra-Laxá við Geldingatanga.

Á sömu blaðsíðu er ratt um, hve erfitt muni vera að komast að mealistöðunum, einkanlega að vetrinum, og í því sambandi er stungið upp a að gera smáflugvelli við melistaðina, eða nota þyrlur. Þetta er stórt mál og full ástæða til að gefa því rekilegan gaum. Það er tömt mál að tala um mælingar og athuganir inni á hálandinu, ef ekki er haqt að komast a réttum tíma með þau meilitaki, sem þarf að hvern stað. Það mun sízt sitja a mér að amast við flugvöllum við melistaðina. En þegar verkefnin eru athuguð í einni heild, kemur í ljós, að fráleitt er, að svo margir flugvellir verði gerðir, að með flugvélum verði haqt að leysa af hendi þau verkefni, sem hér um ráðir. Þau eru auk eftirlits með síritandi vatnshsöarmalum, mælingar að rennsli, ísathuganir, surburðarrannsóknir, snjómselingar a ymsum stöðum og hitamselingar í straumvatni og stöðuvötnum og lindum, og grunnvatnsathuganir og fleira. Útkoman yrði því su, að aðeins varí haqt að nota flugvélarnar við ákjósanleg skilyrði, þaði hvað viðkemur lendingu og veðri, en einmitt ekki a þeim tíma, þegar þeirra varí helzt þörf. Á vorin, þegar klaki er að fara úr jörð, eru sléttir melar, annars staðar en á vikurvsöðunum, þannig að gangandi maður sekkur til hnés. Eðlilegri ráðstöfun er því að leggja vegi um hálandið, eða réttara sagt laga og ryðja slóðir. Síðan mælingar höfust inn á þjórsárvæðinu hefur Vegagerðin vart látið taka þar Stein úr götu, hvað þa meir og er þa mikil afturför frá því, sem var um aldamotin, er Fjallvegafélagið var nýstofnað, svona er þa, þrátt fyrir aillar okkar jarðýtur.

Með þessari skyrslu frá Harza, sem hér liggur fyrir, er komið heildarplan, þaði um virkjunarrannsóknir og svo um sennilega tilhögun framkvæmda. Á grundvelli þessarar niðurstöðu er full þörf a að gera heildarplan um vegi að virkjunarstöðunum, í fyrsta lagi um vegaslóðir, sem nágja munu meðan á rannsóknum stendur, og svo um upphleypta vegin, þegar að virkjunarframkvæmdum kemur. Árlega er tekið í benzinskatti stórr upphæð

til vega á milli fjarlagra landshluta. Nú vill svo til, að einmitt þeir vegir, sem henta í sambandi við virkjunarrannsóknir og virkjunarframkvæmdir, eru einnig þeir sömu, sem henta til þess að tengja saman fjarlagra landshluta. Íg nefni í þessu sambandi, að gera þarf ástlun og athuganir, og það helzt í sumar, að Sprengisandsleið frá Galtalask upp með Þjórsá að austan um hraunið, sem næst anni. Þar er snjólett, eða nær snjólaust allan veturninn. Áfram lægi svo leiðin upp hjá Haldi. Ákveða þarf brúarstaði á Tungnaá yfir fórisstungur. Laga svo slóð að Sigolduveri. Ennfremur brúa Köldukvísl, þar sem bent hefur verið á brúarstaði, neðan við Þórisós. Fyrir ári síðan var efni í þá brú talit af Árna Pálssyni, verkfræðing, 75 þús. krónur, og heildarkostnaður við byggingu 200 þúsund, eða með öðrum orðum, að ljóst er, að verð hennar er af stærðargráðunni hálfur rutubill, og með hliðsþón af því hve ferðalög turista eru sott af miklu kappi, má gera ráð fyrir, að á næstu 5 árum verði slys við ana og þá tapizt verómáti, sem nemur brúarandvirðinu, þótt ekki sé reiknað með mannalifum. Í lauslegri kostnaðarástlun, sem vatnsmelingarnar gerðu fyrir ári síðan, virtist brú á Köldukvísl geta sparað um 40.000 kr. á ári við þær mælingar, sem hafa farið fram og ráðgerðar eru nú á næstu árum.

Eins og málín standa nú og þessar rannsóknarástlanir bera með sér, má gera ráð fyrir, að virkjunarframkvæmdir verði á næstu árum við Hvítá og þá upp við Hvítárvatn, en þá er í því sambandi þörf á vegi austan Hvítár frá Brúarhlöðum upp í Sandartungu og yfir Jökulfall að Hvítárvatni. Þarna þarf að gera upphleyptan veg, og þótt hann sé inn á örðum er engin ástaða til að astla, að hann þurfi að vera neitt dýrari en venjulegur byggðarvegur og sízt dýrari vegur en yfir heiðar norðaðlands og vestan, en nokkrar bryr þaff að byggja á leiðinni, eins og yfir Búðara, Grjóta, Sandá og Jökulfall.

Þessi vegur mundi tengja saman Árnnessýslu og Húnavatnssýslur.

Á blaðsíðu I-23 er bent á að setja þurfi upp kvarða við sérhvern virkjunarstað, sem ráðgerður er. Ær þar þátt við inntök og frárennsli, sömuleiðis þar sem ráðgerðar eru uppiðstöður. Vatnsmelingarnar lífa á þetta sem mjög aðkallandi starf. Að nokkru leyti hefur verið unnið að þessu á undanförnum árum, en nú mun haft að gera þetta skipulega, þar sem virkjunarstaðir eru vel ákvarðaðir.

Á sömu blaðsíðu er teknö fram, að síritandi vatnsháðarmælar þurfi að fylgja hverri virkjun.

Á blaðsíðu I-24 er lögð áherzla á að framkvæmdar séu veður- og vatnafræðilegar athuganir.

Á sömu blaðsíðu er lagt til að gerðar séu grunnvatnsathuganir. Slíkar mælingar eða athuganir eru hafnar sbr. skilagrein nr. 201. Full ástaða er til að gera það enn viðtækara og þá í sambandi við jarðfræðina.

A sömu blaðsíðu er lagt til, að aurburðarrannsóknunum sé haldið áfram og vísað í því sambandi á grein Sub-committee of Sedimentation. Federal Int. Agency River Basin Committee Report nr. 8. Measurement of the Sedimentation of Streams Iowa March 1948.

A sömu blaðsíðu og þeirri næstu er lgt til að komið sé upp veðurathuganastöðvum inni á vatnsviðum anna. Sérstaklega er bent á snjómelingastöðvar. Það eru relativar snjómelingastöðvar, sem mun vera átt við, sbr. lýsingu á þeim í skila-grein nr. 164. Lagt er til, að komið sé upp a.m.k. tveimur snjómelingastöðvum við upptök hvorrar ár, þ.e.a.s. Hvítár og Þjórsá.

A bls. I-27 er talað um ísarannsóknir og greint frá mis-munandi verkefnum þar að lútandi, en þar er í raun og veru ekkert nýtt fyrir okkur hér. Sjálfsagt er að auka ísabóka-safnið um þær greinar, sem talað er um og ekki eru þá til aður. Í lok kaflans, bls. I-30 er talað um að askilegt sé að hitamælingar á vatninu fari fram sem viðast. Mun þá vera átt við að sjálfsögðu inn á hálandinu. Vatnsmælingarnar nota hvert teikifari í ferðum til þess að mæla hita vatna, en það er ekki nágilegt. Annað hvert þarf stöðuga goszu, eða síritandi hitamæla. Gerð hefur verið tilraun til að breyta síritandi vatnsháðarmæli í hitamæli, þannig að hann skrái hita, og þá með nákvæmninginni 1/10 úr gráðu. Nota á termistor, galvanometer og ljósnanman pappír í stað hins venjulega pappírs síritarans. Að þessu hefur verið unnið undir stjórn Þor-bjarnar Sigurgeirssonar og Þáls Theodorssonar af og til í vetur. Alltaf hefur eitthvað vantað, og gengið á ymsu við það að setja þetta saman, svo að veturinn leið, án þess að það væri komið í það lag, að fært þætti að setja það niður við ana. Vart hefði verið hegt að buast við réttum niðurstöðum. Vonandi tekst að fá reynslutíma, aður en vetur genggur í garð.

A bls. I-32 er ráðlagður Computer IBM 650 við vatnsorku-útreikninga. Eg hef aðeins lítillega kynnt mér IBM 650, þar eð manáðarleiga fyrir hann er 2400 dollarar og er því prisvar sinnum dýrari en IBM 421, sem er sú dýrasta vel, sem Skýrsluvélar hafa nú leigða. En það er hér eins og með vatnið, það safnast þegar saman kemur, og ef margir aðilar í landinu hafa not fyrir súlikan computer, þá er fyrt fjárhagsgrund-völlur fyrir að hafa hann staðsettan hér. Það virðist ekki síður ástaða til að gefa gaum að ennbá nýrri vélum, t.d. IBM 1620. Það er alveg ljóst, að frumgögn, sem komin eru inn a gatspjöld, geta bjónað sem frumgögn fyrir móri reiknivélar og þess vegna tel ég ljóst, að við séum á réttri leið.

Við eigung að leggja ríka áherzlu á að koma öllum frumgögnum a gatspjöld, svo að þau liggi fyrir tilbúin til margháttarar urvinnslu með computer, en ekki sú óvanum í að draga upp línumurit eftir frumgögnum. Það virðist ljóst, að í vatnafresói hefur það tilheyrт öldinni sem leið og fyrri helmingi þessarar aldar að draga upp línumurit beint út frá frumgögnum. Nú, hér á eftir, verða línumurit dregin upp eftir skýrslum tabulatora.

Málið stendur þannig nú, að undirstöðu gatspjaldakerfi er mótað, sbr. lykilspjöld 381, dagspjöld 382, mánaðarspjöld 383, stuðlaspjöld 384, summuspjöld langtímalangsíslinu 385, lágmarksspjöld 388 og hámarksspjöld 389. Á grundvelli þessara spjalda, er reiknivélar hafa verið mataðar frumgögn, verða svo framkvæmdir miðlunar reikningar, samkeyrslureikningar o. m. fl. En staði og afköst reiknivéla hér mun fara eftir því hve mikil verkefni fellur til í landinu. Vatnamslingar verða einn viðskiptasölinn, en ráða litlu um dýrleika reiknivélanna, sem bezt má sjá af því að 811 fjárveiting vatnamslinga (kr. 420 þús.) nesir aðeins til að greiða læigu IBM 650 í 4 mánuði.

Bls. I-37 og fylgiskjali nr. 1 er ástlaður kostnaður við virkjunarrannsóknir og þar á meðal sérstaðar, vatnafrábilegar athuganir, en kostnaður við almennar vatnamslingar er ekki meðtalinn.

Þar sem ég hefi rætt um vegina hér að framan, tel ég ástaðu til að leiðréttá einn misskilning. Það er á blaðsíðu III-2. Sagt er, að á Hvítá séu þrjár bryr, en aðeins ein á Þjórsá. Misskilningurinn er, að á Hvítá eru fjórar bryr, bruin neðan Hvítárvatns hefur fallið niður í upptalningunni.

Á bls. III-20 er listi yfir 100-ára og 1000-ára flóð. 100-ára flóð við Gullfoss er talið 2500 kl/s og í því sambandi er rétt að svekja athygli á, að í veturni hinn 9. febrúar (60) kom flóð við Gullfoss, sem var 2000 kl/s, en stóð svo stutt, að við Selfoss var flóðið aðeins 200 kl/s starra eða 2200, þótt vatnsmíklar ár falli til Hvítár á leiðinni Gullfoss-Selfoss. Þannig jafnaðist flóðbylgjan út í farvegi Hvítár undan Skálholti, við Hestvatn og í Álfavatni.

Á bls. III-22 er rætt um þær aurburðarrannsóknir, sem vatnamslingarnar hafa gert og í því sambandi er sagt m.a.: Although these sediment samples have been taken in places of high water velocity and great turbulence, the transportation of a substantial part of the bedload is likely to have escaped measurement. Taka vatnssýnishorna er alltaf mikil vandamál og hefur verið glímt við það viða um heim. Á þessu stigi málsins get ég ekki neitað að um bedload geti verið að ræða. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að taka til rekilegrar athugunar aðferðir og tillögur, sem koma fram í riti því, sem fylgir með undir tilvísunarnúmerinu 10 og aður er nefnt. Það er sjálfsagt að útvega og taka í notkun hin ymsu teki við töku vatnssýnishorna og gera samanburð á þeim við daelingaraðferðina. Hún er sú aðferð, sem ég set traust mitt a. Hún hefur þann leiða ókost, að ekki verður umflúin mikil vinna á staðnum. Með daelingaraðferðinni er

"gengið beint að verkefninu og haegt að treysta þeim niðurstöðum, sem fást", svo ég noti þau orð, sem Jón Jónsson, jarðfræðingur, viðhafði á síðasta fundi um aurburðarrannsóknar.

Það yrði of langt mál að tala hér um athugasemdir við hina ymsu virkjunarstaði. Ástæða er þó til að ræða nánar um skurðinn milli Hvítár og Hestvatns, sbr. blaðsíðu V-6. Mér virðist, eftir að hafa hugsað um þetta mál og athugað það frá ymsum hliðum, vera einfaldast að rekja letta að eftirfarandi hátt:

1. Stiflað við Árhraun.

2. a. Gerður vandaður steinsteyptur eða steinþóraður skurður á milli Hvítár og Hestvatns og þá jafnframt atlazt til, að svo til sama vatnsborð verði í Hvítá og Hestvatni, þ.e.a.s. mjög lítið falltap þar á milli.

b. Aðeins sprengd niður klöppin, austan við Þeifarvíkina í Vatnanesi og svo er skurðurinn grafinn út, en gert ráð fyrir, að ain deformeri skurðinn og lagi hann til, þ.e.a.s. að þessi leið frá Hvítá inn í Hestvatn verði eins og hver annar farvegur Hvítár, aðeins nauðsynlegt eins og hér er sagt að sprengja niður klöppina, og þar má hafa nokkurs konar kontrolpunkt á milli Hestvatns og Hvítár. Hér er með öðrum orðum atlazt til, að Hvítá lagi farveg sinn. Hún þarf til þess nokkurt energi, þess vegna er nauðsynlegt að hafa ráð á nokkrum haðarmismun milli Hestvatns og Hvítár, einkum vegna surburðar og ístruflana. Atlazt er til, að Hvítá flytji sur inn í Hestvatn og haldi þessari leið opinni á þann hátt, sbr. skilagrein nr. 200. Tel ég nauðsynlegt, að völ sé á haðarmismun, allt að premur metrum, þannig að ef Hestvatn er laskkað niður í 46 m, þá þurfi vatnsstaða Hvítár úti fyrir að vera 49. Aftur a móti, ef Hestvatn getur ekki laskkað niður í nema 47, þarf að vera haegt að lyfta vatnsborði Hvítár við Útverk í 50, og sömuleiðis ef laskkun í Hestvatni getur ekki orðið meiri en í 48, þarf að vera haegt að lyfta vatnsborði Hvítár við Útverk upp í 51 m o.s.frv., þ.e.a.s. að briggja metra fall þarf að vera til þess að koma Hvítá frá Útverkum og inn fyrir holmana í Hestvatni. En ef völ er á þessu briggja metra falli, attu öll steinsteypt mannvirki og fóðrun á skurði að vera óþörf.

A bls. V-8 er talað um ísalög á Hestvatni og sagt m.a.: It is likely that sheet ice would cover the reservoir under most winter conditions downstream from the diversion canal entrance as far as the spillway. Hestvatn would be similarly covered. Insofar as feasible, an ice cover over the diversion canal under most winter conditions would be desirable.

Það er alveg rétt að lengstan hluta úr frostaköflunum mun Hestvatn vera ísilað og þá er ekki hætta á ístruflunum, en veðrætta á Íslandi er kvíklynd, ís brotnar oft upp og er stöðugt að koma aftur, og það er einmitt á þeim tínum, sem hætta er á ístruflunum og þá við Hestvatn í NA-átt, sbr. skilagrein 200.

Á bls. V-15 er talað um, að þurfi að mæla þversnið á Hvítá til þess að hægt sé að gera model af stíflustaðinu og nesinu hjá Árhrauni. Vatnamselingarnar munu vinna að þessu og heppilegasti tíminn er síðari hluti sumars. Þó er ekki tillokað að teknifari gefist til að mæla þetta þversnið, ef frostkafli kemur nú í maímaðuði.

Á bls. V-16. Mæla þarf Hvítá við vantánlegt frárennsli og fullgera línumit yfir vatnshæðina þar.

Á bls. X-6 er þessi sætning: Powerplants have been constructed in Europe and northern North-America on rivers, which are subject to sever ice runs similar to those on the Thjórsá. No proposed development, otherwise attractive, has to our knowledge been abandoned because of the ice problem. Stíflustaði merkt nr. 1 (Site 1), sbr. fskj. 8, er talið álit-legast, en viðvíkjandi ísnum er þetta að finna á bls. X-5: "An ice cover near the head of the gorge would be rare. Under these circumstances, there is a strong possibility that an ice jam beginning at the dam or not far upstream would be a frequent occurrence." Þetta er alveg rétt, þannig mun ísstaðan verða, ef stíflað er efst í gljúfrunum. Og það er einmitt þess vegna, sem lagt er til, sbr. skilagrein 186, að gerður sé garður upp Skeiðin og vatnsstaðan hækkuð svo að stöðuvatn myndist og fall fari af á neðri hluta Skeiðanna eða allt upp fyrir Skeiðháholt og nauðsynlegt er að gera garð á vestri bakka Þjórsár frá stíflustaðnum og upp, minnsta kosti upp að Skeiðháholti. En það sem gerir þetta viðfangsefni flóknara er aurburðurinn. Eins og kemur fram í nefndri skilagrein er fráleitt að hafa vatnsstöðuna allt árið svona háa, þe myndi Þjórsá safna sandi og aur og lónið fyllast að mjög skömmum tíma. Þá mundu issandamálin steðja að, eins og enginn garður eða heinar ráðstafanir hefðu verið gerðar. Þess vegna verður að hafa lága vatnsstöðu í lóninu meðan hluta ársins svo til alltaf, nema þegar von er á ísalögnum. En sökum þess að vatnsstaðan verður að vera lág í lóninu, þ.e.a.s. Þjórsá verður að hafa sína eðlilegu hæð niður fyrir Vörðusker og Lambhagaflúðir, er nauðsynlegt að hafa stífluna örliftið neðar heldur en stíflustaður nr. 1 (Site 1) gefur til kynna, t.d. um 200 metrum neðar, til þess að fá nágilegt dýpi við inntakið við þá vatnshæð, sem stöðin þarf að hafa að öllum öðrum tínum en þegar ísalagnir standa yfir. Ef vatnsstaðan er há aðeins þann tíma, sem hasta er á ístruflunum, er þar með úr sögunni möguleikinn fyrir því, að þetta lón fyllist aur. Jafnvel hið gagnstaða gisti átt sér stað, að hún grafsist niður á Skeiðunum, því að ef vatnsstöðunni er lyft einstöku sinnum að vetrinum að svæðinu frá Heiðarenda og upp að Myrueyrum, þ.e.a.s. meðfram öllum Skeiðunum og sandeyrarnar allar setaðar í kaf, þá deformerast álaufarvegir Þjórsár, þar sem hún liðast um að þessu svæði. Þegar hún rís aftur úr vatni, eru farvegirnir aflagaðir og það leiðir til þess, að hún grefur þá út á ný. Þannig, með því að hakka og lskka stöðugt í þessu lóni, mun vafalaust vera hægt að láta hana grafa það eitthvað niður, það yrði aldrei í stórum stífl, en það mundi þó vera frekar í það átt að grafa það niður, en ekki safna í það. Hér er stlaðt til að hver uppiстöðutími sé stuttur.

Á bls. XIV-11 er synt fram að, að rennslið um Hrauneyjafoss er talið 9 kl/s meira en það átti að vera, sbr. rennslið um Tungnaárkrók. Þetta orsakast af því m.a. að Tungnaárkrókur, sem vatnamslinger kalla svo, er uppi í vantanlegu Tungnaár-krókslóni, þ.e.a.s. að vatnið í lindunum, sem koma út í gjúfrunum, er ekki talið með Tungnaárkróku, heldur kemur Hrauneyjafossi til góða.

Á bls. XV-4 er sömuleiðis synt fram að, að ósamræmi er á milli rennslisins um Hald og Hrauneyjafoss, þannig að það er hærra við Hald, en ætti að vera, miðað við Hrauneyjafoss og rennsli Koldukvislar upp við Pórícos og Pórícos sjálfan. Ábalastaðan á þessu mun vera sú, að rennslamblingar, samanburðarmablingar, hafa verið miðaðar við Urriðafoss, sökum þess að þar hafa ekki verið síritandi mælar á stöðunum, svo að ekki var haft að gera fullkomrar samanburðarmablingar á ánum sjálfum sökum tilföra breytinga á rennslinu, svo eðlilegt er að þarna komi fram tölverð ónákvænni í mælingu. Þetta svarar til um 33 kl/s, en eins og tekið er réttilega fram í skýrslu Harza mun nokkur hluti af þessu, sem er austlaður um 10 kl/s, orsakast af leka úr Pórísvatni. Það mun sennilega láta mjög nárrí, því að rennslið í Pórístungum er óeðlilega mikil miðað við vatnsviðið. Ekki er kunnugt um neinar stórar lindar, sem flæða inn til Tungnaár, t.d. undan Hrauney, eða annars staðar við armót Koldukvislar og Tungnaár, sem að gatlu skyrt þennan mismun, sem er 23 kl/s. Það er heldur engin von til þess, að þessar samanburðarmablingar séu fyllilega nákvæmar, og þessi mismunur er í raun og veru mjög eðlilegur, samkvæmt þeim frumögnum, sem hann grundvallast að. Það er eins og sagt er í skýrslu Harza, að þegar rennslisskyralur koma frá síritandi mælunum, þá verði þetta allt ljóst.

Á bls. XVI-2 er talað um að Langisjór sé í senn langur og grunnur. Langur er hann, en ekki grunnur að sama skapi. Nesta dýpi er 75 metrar. Á exhibit 3 eru jarðgöng sýnd úr honum. Þar er dýpið um 30 metrar, en í sundinu NA af þessum stað er dýpið aðeins 12 metrar. Þegar ég var við dýptarmælingar á Langasjó í sumar, áleit ég að einna beztí staðurinn til þess að komast inn í Langasjó varí nálagt þeim stað, sem er á fylgiskjalnu (exhibit 3) framan við stafina NG í orðinu Langisjór. Þar gengur vík norður í fjöllin og húneir djúp, nálagt 30 metra dýpi upp undir landsteina, en þá er að visu lengri leið niður í Lónakvísl, ekki sízt ef koma skal út 20-30 metrum undir yfirborði Langasjávar, eins og nauðsynlegt er ef geyma að allt vatn Langasjávar til vetrarins. Það mun vera af starðargráðunni 500-600 Gl, eða til þess bentu þær mælingar, sem gerðar voru á því síðastliðinum sumar.

Það er mikill fengur í skýrslu Harza. Þá er að visu ekki dómbar á skýrsluna í heild, en það sem að vatnamslingum lýtur er mikils virði. Í fljótu bragði virðist sem verkefni vatnamslinga hafi aukizt, því að á mörg atriði er dreipið, sem rannsaka þarf. En mergur málssins er sá, að verkefnið verður einfaldara og haft er að ganga ákveðnara til verks, því fastara form sem kemst á vantanlega virkjunarstaði. Þetta á einkum við um Efri-Pjórsá, Dalsár og Fossárvæðið, og sve rannsóknir á rennslisaukningu Hvítár niður með Bláfelli.

Um grúppu skiptinguna á bls. I-9 vil ég segja þetta. Það hefur verið álit mitt að Hvítá við Hestfjall yrði virkjuð næst (1) að eftir Soginu. Heastvatnsvirkjun stendur efst á blaði hja Harza (valið á milli þess og Urriðafossvirkjunar). Virkjun við Dynjandi í Brúará er eðlileg (2) í samkeyralu við Heastvatn, og geti Dynjandi t.d. komið á undan. Eðlilegt frannahald (3) er svo miðlun í Hvítárvatni. En þá er athugandi að miðlunarmannvirkja við Hvítárvatn mun vart renta sig ef miðlunarvatnið er aðeins nýtt í 16-17 m falli við Hestfjall, svo eðlilegast er að halda áfram með Hvítá. Vegna ísalaga verður að virkja Ábóta á undan Bláfellshólma. Röðin geti þá orðið þessi:

- |          |   |
|----------|---|
| Hljóð 4. | Hvítá við Ábóta                           |
| " 5.     | " Bláfellshólma                           |
| " 6.     | " Gullfoss                                |
| " 7.     | Aukning miðlunarmannvirkja við Hvítárvatn |
| " 8.     | Hvítá við Sandártungu                     |
| " 9.     | " Fremstaver                              |
| " 10.    | Brúará um Hlauptungufoss                  |
| " 11.    | Haukholt                                  |
| " 12.    | Faxi                                      |
| " 13.    | Hrauneyjafoss                             |
| " 14.    | Miðlun ur Þórisvatni                      |
| " 15.    | Búrfell                                   |
| " 16.    | Köldukvísl náð til Þórisvatns             |
| " 17.    | Háifoss                                   |
| " 18.    | Dynkur                                    |
| " 19.    | Miðlun við Eyvafen                        |
| " 20.    | Hvanngiljafoss                            |
| " 21.    | Tungnaárkrokur                            |
| " 22.    | Langasjó náð til Tungnaár                 |
| " 23.    | Tungnaá við Búðarháls                     |
| " 24.    | Skarð                                     |
| " 25.    | Búðafoss                                  |
| " 26.    | Urriðafoss.                               |

Eg hef ekki þessa upptalningu lengri, enda hætt við að hún raskist eitthvað.

Að endingu vil ég vekja athygli á því, sem ég sagði í upphafi, að það líti helzt út fyrir að gagnryni felist í skyrslu minni, sökum þess, að ekki er minnzt að öll þau atriði, sem vel eru sögð í skyrslu Harza. Skyrslan er mikils virði fyrir vatnsmelingar. Þá þar nefna, að þar sést hvernig niðurstöður vatnsmellinga eru notaðar og tekið tillit til þeirra, það er þó eins og ís- og surburðarvandamálum hafi ekki verið sett nagiðlega skyrt fram í skilagrein vatnsmellinga, **PJÓRSA AND HVÍTÁ RIVER SYSTEMS SOME HYDROLOGICAL ASPECTS** (9. fylgirit hja Harza). Þó er aðalatriðið að með skyrslu Harza er fengin heilsteptyr og raunhæf álítsgerð um það, hvað rannsaka þarf og þá fwest raunverulega um leið, hvað ekki er ástæða til að eyða tíma í að rannsaka. Á bls. I-21 stendur "Modern methods of hydrologic measurements are presented in Reference No. 8. We recommend the following of the general procedures outlined therein." Er þar átt við Water Supply Paper 888- STREAM GAGING -PROCEDURE: Paper 888 tekur síllum venjulegum handbókum í

vatnafræði langt fram, þar er gerður glöggur greinarmunur á aðalatriðum og aukaatriðum og bókin ber þess skýr einkenni, að hún er byggð á langri reynslu úti f feltinu, með öðrum orðum bókin Paper 888, fjallar fyrst og fremst um vatnsmælingar en ekki vatnsmælingar og er að henni mikill fengur.

Hliðstaðar bækur frá Geological Survey um úrvinnslu eru einnig mikils virði, t.d. FLOW-DURATION CURVES Paper 1542-A. Vatnsmælingar byrftu að eiga heilsteptyt safn þessara rita og geyma það á réttum stöðum undir 03.

Læt hér staðar numið.